

54. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 26. nóvember 2019, kl. 10:30 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Rósa Jónsdóttir, Unnur Hafstað fulltrúi kennara, Guðríður Harpa Elmarsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Ásgeir Logi Ásgeirsson og Katrín Freysdóttir boðuðu forföll. Katrín boðaði Guðrúnu Unnsteinsdóttur í sinn stað en hún forfallaðist óvænt.

Dagskrá

1. Skólafundur

Lára gerði grein fyrir skólafundi sem haldinn var í september. Þar var fjallað um fyrirkomulag í stofum, nýnemadag og vellíðan nemenda.

2. Starfs- og fjárhagsáætlun

Lögð fram áætlun um rekstur og gjöld til þriggja ára. Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstur verði innan marka.

Lögð fram stefnumiðuð áætlun skólans til þriggja ára, 2020-2022 sbr. 31. gr laga um opinber fjármál.

Markmið skólans, sem sett eru í tengslum við stefnu ríkisins í tilteknum málaflokkum, eru:

1. Aðgerðir í loftslagsmálum. Efla vitund nemenda og starfsfólks um umhverfismál og ná markmiðum grænfánaverkefnis og Grænna skrefa í ríkisrekstri.

2. Stafræn smíðja til að efla skapandi hugsun í námi. Samstarf við nærsamfélag.

Auk þess eru tvö markmið sem snúa að rekstri tengd innleiðingu persónuverndar og jafnlaunavottun.

3. Starfsmannamál, auglýsingar

Engar breytingar eru fyrirhugaðar í starfsmannamálum og því ekkert auglýst.

4. Tengsl við félagslíf

Lára upplýsti að nú væri hafið samstarf við Leikfélag Fjallabyggðar sem felst í því að nemendur í skólanum taka þátt í uppfærslu leiksýningar á vegum leikfélagsins. Settur hefur verið upp sérstakur áfangi á vorönn í tengslum við þetta. Hann tengist bæði tónlist og leiklist.

Auk þessi sagði Lára frá nýjum samningi sem gerður hefur verið milli skólans og Pálshúss.

5. Önnur mál

5.1 Heimsókn MR

Stór hópur starfsmanna frá MR kom í heimsókn í lok september. Heimsóknin var vel heppnuð og mikil ánægja með daginn. Eftir heimsóknina heyrði skólameistari í rektor MR og nokkrum starfsmönnum. Ákveðnar kennsluaðferðir vöktu athygli og sumar hafa kennarar MR nýtt sé.

5.2 Samnor

Námsþing var haldið í Menntaskólanum á Tröllaskaga 4. október og gekk

mjög vel. Alls komu 250 manns í skólann og fræddust hvert af öðru. Mikil ánægja var með daginn og fundurinn rúmaðist vel í húsinu. Hádegisverður var í Tjarnarborg.

5.3 Jafnlaunavottun – samningur við Attendus

Gerður hefur verið samningur við Attendus um undirbúning undir jafnlaunavottun. Samningurinn er gerður með MA, FSH og Laugaskóla.

5.4. Innritun á vorönn

Innritun á vorönn hófst 1. nóvember og hefur gengið mjög vel og hafa nú þegar 152 nýir nemendur verið skráðir til náms. Á innan við viku höfðu yfir 100 nemendur sótt um. Ákveðið hefur verið að sækja um fjölgun nemendaígilda.

5.5 Gróðursetning trjáa til kolefnisjöfnunar

Nú stendur yfir gróðursetning trjáa við skólann og er það liður í kolefnisjöfnun vegna ferða starfsmanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.